

76. IFLA-þing haldið í Gautaborg 10. – 15. ágúst 2010

Alþjóðabókavarðasamtökin IFLA standa fyrir bókavarðapingi einu sinni á ári. Að þessu sinni var það haldið í Gautaborg, en Svíþjóð tók það að sér með eins árs fyrirvara þar sem Ástralía, sem átti að halda þingið, treysti sér ekki til þess vegna efnahagsástandsins. Þrátt fyrir það tókst skipuleggjendum að bjóða upp á frábært þing. Þingið sóttu 3.300 manns frá 128 ríkjum þar af voru 4 fulltrúar frá Íslandi.

Yfirskrift þingsins var:

„Open access to knowledge – promoting sustainable progress“.

IFLA-þing eru stór og mikil í sniðum og standa yfir í tæpa viku. Þingið hefst á stjórnarfundum hinna ýmsu sviða, deilda og fastanefnda. Innan IFLA eru 5 svið (divisions), 6 kjarnaverkefni (core activities), 48 fastanefndir (Sections), 12 (special Interest Groups) og 5 (Joint Activities). Sjá <http://www.ifla.org/en/activities-and-groups#list4> Einnig funda saman bókaverðir sem tilheyra hinum ýmsu landsvæðum, þeir fundir eru nefndir „Caucus“. Norrænir bókaverðir halda Caucus fund og skiptast bókavarðafélögin fimm á að halda hann. Caucus fundirnir eru haldnir áður en formleg setning þingsins fer fram. Að þessu sinni var það Danska bókavarðafélagið sem skipulagði fundinn. Þar eru rædd mál sem sérstaklega tilheyra okkur í norðrinu eða mál sem við höfum sérstakan áhuga á. Bókavarðafélög á Norðurlöndunum hafa mikinn áhuga á málefnum bókasafna í þróunarlöndum og eru með ýmis verkefni út um allan heim. Að þeim fundi loknum er oftast boðið upp á hressingu og að þessu sinni var veglega staðið að þeim veitingum.

Sjálft þingið hefst svo með opunarhátíð og núna var okkur boðið upp á frábæra ABBA-sýningu. Aðalræðumaður opunarhátíðarinnar var Jan Eliasson fyrrum forseti Alsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Allir þingfulltrúar koma saman á opunarhátíðina og einnig á þingslitin. Að opunarhátíð lokinn var öllum boðið upp á hádegisverð en að honum loknum hófst ráðstefnan formlega.

Fyrirlestrar á IFLA-þingum eru margir og í mörgum málstofum. Oftast eru málstofurnar miðaðar við hin hefðbundnu áhugasvið okkar bókavarða en núna var þinginu skipt niður í fimm meginþemu:

1. Open access and digital resources
2. Policy, strategy and advocacy
3. Users driving access and services
4. Tools and techniques
5. Ideas, innovations, anticipating the new

Alls var boðið upp 159 atriði/fundi þar með talið veggspjaldakynningu. Þáttakendum á IFLA-þingum er einnig boðið að skoða bókasöfn í borginni sem heldur þingið. Oftast eru þær heimsóknir eftir þingsetningu en að þessu sinni voru þær á undan og varð það til þess að ég missti af þeim og þótti mér það mjög miður.

Á IFLA-þingum er einnig boðið upp á vöru- og þjónustukynningu. Þar koma fjöldi aðila og kynna vörur sínar, hugmyndir eða þjónustu sem þeir bjóða uppá. Þessi kynning hefst með opunarhátíð þar sem boðið er upp á fastar og fljótandi veitingar.

Þar sem ég kem frá almenningsbókasafni og hef alltaf haldið mig á þeim slóðum byrjaði ég á því að leita að fyrirlestrum sem tengjast þeim. Þar var ekki mikið í boði og því miður höfðu skipuleggendur þingsins vanmetið áhugann fyrir almenningsbókasöfnum. Þannig að á eina fundinum þar sem boðið var upp það efni varð fjöldi manns að sitja fyrir framan fundarherbergið.

Ég sótti ýmsa áhugaverða fyrirlestra og valdi þá þvert á þemu. Sem dæmi um efni sem ég hlustaði á má nefna: upplýsingalæsi, „metropolitan Libraries“ og almenningsöfn, bókasöfn fyrir börn og unglunga sem tengjast skólasöfnum og frístundastöðum. Upplýsingafundur vegna Haití. Sjálfbær umhverfismál og bókasöfn, og Bókasafnsbyggingar og tæki, Ég hef lengi haft gaman af að sjá umfjöllun um bókasafnsbyggingar og sérstaklega hvernig bókasafnsfólk og arkitektar vinna saman. Í sumum löndum t.d. Hollandi er komin á mjög góð samvinna milli þessara tveggja stétta og bera þær mikla virðingu hvor fyrir annarri. Við hér á Íslandi gætum lært mikið á því.

Að lokum vil ég nefna fundi sem eru fyrir alla þingfulltrúa. Þetta eru fundir sem eru oft utan við efni ráðstefnunnar en mjög áhugaverðir, þeir eru settir þannig upp að ekki er boðið upp á aðra fyrirlestra á saman tíma. Að þessu sinni var boðið upp á þrjú erindi. Það voru rithöfundurinn Henning Mankell sem ræddi um mikilvægi þess að geta lesið og skrifað. Hans Rosling, prófessor við Karolinska sjúkrahúsið, fyrirlestur hans hét „A fact based world view“. Hann hefur starfað sem ráðgjafi hjá WHO og UNICEF, hann talaði um efnahag heimsins í fortíð og nútíð ásamt félagslegum og umhverfislegum áhrifum. Prófessor Sture Allen var þriðji ræðumaðurinn og fjallaði erindi hans um Bókmenntaverðlaun Nóbels, hann er einn af 18 meðlimum Sænsku akademíunnar.

Ráðstefnan endar svo með lokahátíð þar sem stjórnendur liðins þings afhenda stjórnina til þeirra sem næst ætla að halda IFLA þing. Næsta þing verður haldið í San Juan, Puerto Rico 13.-18. ágúst 2011 og fengu þingfulltrúar flotta kynningu á landi og þjóð.

Að lokum vil ég þakka Uppýsingu kærlega fyrir að veita mér ferðastyrkinn hann kom að góðum notum.

Lilja Ólafsdóttir.